



Glerárkirkja

Vígsludagur 6. desember 1992

Bikupinn yfir Íslandi

herra Ólafur Skúlason vígir kirkjuna og prédikar.

Séra Bolli Gústafsson vígslubiskup þjónar fyrir altari.

Séra Gunnlaugur Garðarsson sóknarprestur og
séra Birgir Snæbjörnsson prófastur aðstoða.

Flytjendur tónlistar:

Kór Glerárkirkju, Óskar Pétursson tenór, Helga Alfreðsdóttir sópran,
Anna Podhajska fiðla, Magna Guðmundsdóttir fiðla, Vala Tryggvadóttir fiðla,
Ása Birna Birgisdóttir fiðla, Guðrún Þórarinsdóttir víola, Eileen Silcocks selló,
Jón Rafnsson kontrabassi og félagar úr Lúðrasveit Akureyrar.
Stjórnandi og organisti er Jóhann Baldvinsson.

Fyrir athöfnina leikur Lúðrasveit Akureyrar í u.p.b. hálfu klukkustund
í fordyri kirkjunnar.

Vígslu

1 *Journal of Economic Surveys* (ISSN 0898-5355) is published quarterly by Blackwell Publishers Ltd.

Vígsludagur

Glerárkirkju Akureyri

2. sunnudag í aðventu

6. desember 1992

Bílkuninn yfir Íslandi
hefur Óður Skúlason vigr kirkjula að prentaði

NÍDSLÝDAGI

Gleráskrifkýrja Akureyrar

Sannindag 1. útgáfu
6. ágúst 1992

Fyrirvara fyrir ósóknar

Kos Glerárklægju, Óskar Þórhallsson, með hér tiltekið dæmi sínar sá þrenn,
Jónas Þorðarson Rögn, Margrét Ólafursdóttir, Þóra Þórssen, Guðrún Þórssen
Alla eru með Birgilefturinn. Glerárskrifkýrjan er ósóknar ófleks með
fari að línsvæðum ósóknar, fólagum og laði að ósóknar.
Sjáðar eru ósóknar með ófleks með ósóknar.

*Prentsmiðjan Petit
styrkti útgáfu þessarar messuskrár
og óskar Glerársókn til hamingju með þetta glæsilega Guðshús.*

Vígsla

1. Innganga

Biskupar, prestar, sóknarnefndarmenn, meðhjálpari og arkitekt gagna inn meðan leikin er Largo, úr sónótu eftir Henry Eccles.

2. Bæn

Aðalheiður Stefánsdóttir, meðhjálpari.

Drottinn, þú býrð ekki í þeim musterum, sem með höndum eru gerð, heldur ert þú alls staðar nálagur og himinn og jörð geta ekki rúmað þína eilífu háttin. Þó höfum vér reist þetta hús þínna heilaga nafni til dýrðar og biðjum þig að helga það með nálagð þinni og láta héðan streyma ljós og kraft pinna lífsins orða inn í hjortu safnaðar þins, svo að þau beri jafnan mikinn ávöxt hjá þeim, sem orðið heyra, þeim til helgunar og huggunar. Bænheyr það í Jesú nafni. Amen.

3. Sálmur

Min sál, þinn söngur hljómi,
þinn söng lát stíga hátt
frá Herrans helgidómi
um Herrans tign og mátt.
Hann skrúði ljóss er skrýddur,
og skýin vagn er hans,
og himinn hár og prýddur
er höllin skaparans.

Hann sól oss lætur lýsa
með lífsins yl og skart
og mánann milda risa,
svo myrkrið verður bjart.
Um loft og lönd, í höfum
býr lifið ótalfalt,
allt mettast Guðs af gjófum,
á Guð sinn vonar allt.

Ó, Drottinn dýrðarinnar,
þín dásom eru verk
og vottur vízku þínnar.
Þín veldishönd er sterk
og gjafmild, full af gæðum,
ó, Guð, er pessi jörð.
Lof sé pér, Herra' á hæðum,
og hjartans pakkargjörð.

4. Helgimunir lagðir á altarið

16. Vötunarsíða, vötunarsíða, vötunarsíða 8

Tóður, fólk og fólk, það er ógott.

5. Altarisljós tendruð

Biskup:

Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. En jördin var þá að og tóm og myrkur grúfði yfir djúpinu og Guðs andi sveif yfir vötunum. Þá sagði Guð: Verði ljós! og það varð ljós.

Sóknarprestur, séra Gunnlaugur Garðarsson.

Jesús segir: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkru, heldur hafa ljós lífsins.

Formaður sóknarnefndar, Gunnhildur Ásgeirs dóttir.

Postulinn segir: Guð, sem sagði: Ljós skal skína fram úr myrkri, hann létt það skína í hjortu vor, að birtu legði af pekkingu vorri á dýrð Guðs eins og hún kom í ljós af ásjónu Jesú Krista.

6. Sálmur

Í þennan helga Herrans sal
vort hjarta leita gríða skal,

því úti herjar heift og strið,

en hér er eilif bliðutið.

7. Gengið að skírnarsá

Ritningarlestur, Júdith Sveinsdóttir, safnaðarfulltrúi.

Jesús segir: Sannlega, sannlega segi ég pér. Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda. Það sem af holdinu fæðist, er hold, það sem af andanum fæðist, er andi.

Biskup:

Drottinn Guð, sem hefur skapað oss af dufti jarðar og kallað oss til þíns himneska, eilifa rikis, vér þökkum pér, að þú tekur á móti oss við laug heilagrar skírnar og vilt endurfæða oss, hreinsa og helga með anda þínum, að vér lifum í þínu ríki undir þínu valdi og þjónum pér sem limir á likama sonar þíns, frelsara vors Jesú Krista, sem er frá dauðanum upprisinn, lifir og rikir að eilifu. Amen.

8. Sálmur

Í pennan helga Herrans sal
úr heimsins glaumi bera skal
vor börn að skærri skirnarlind,
að skapist þau í nýrri mynd.

Í pennan helga Herrans sal
úr heimsins solli ganga skal
hinn ungi fram, svo festi eið,
að finnast trúr í lifi' og deyð.

9. Biskup tekur við patínu og kaleik

Ritningarlestur,
Guðrún Þ. Nielsdóttir, ritari sóknarnefndar.

Jesús segir: Ég er braud lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til míni kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir. Verið í mér, þá verð ég í ýðum. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfrí sér, nema hún sé á vinviðinum, eins getið pér ekki heldur borið ávöxt, nema pér séuð í mér. Ég er vinviðurinn, pér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og égi í honum, en án míni getið pér alls ekkert gjört.

Biskup:

Heilagi Guð og faðir. Ávöxt jarðar gefur þú oss til likamlegs viðurværis. Fyrir það þókkum vér pér. Og í syni þínum, Jesú Kristi, gefur þú oss pitt himneska líf. Fyrir það sé pér eillif lot og dýrð. Hann, sem er braud lífsins og hinn sanni vinviður, hefur heitið því að vera með oss, meðan korn sprettur og þrúgar vaxa, svo að vér megum njóta ávaxtanna af fórn hans á krossi og sigur hans á dauðanum. Sameiginlega njótum vér þeirra gæða sem jörðin gefur af sér. Lát oss skipta þeim með oss sem bræður og systur. Saman kallar þú oss til gleðinna og friðarins í ríki þínu. Það vitnar það heilaga borg, altari pitt, par sem Jesú Kristur mætur oss og endurnærir, svo að likami vor og sál helgist þér, hans líf verði vort og vér eitt í honum, berum ávöxt hans kærleika hér á jörð, og njótum saman eilifs fagnaðar með þér og honum í einingu heilags anda. Pér sé dýrðin að eilisu. Amen.

10. Sálmur

Og hér skal vígt hvert heilagt band
til heilla fyrir þjóð og land,
og hér skal tilreitt Herrans bord
og hér skal boðað lífsins orð.

11. Ritningarlestur við pré dikunarstól

Sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur

Nálægt pér er orðið, í munni þínum og í hjarta þínu. Það er orð trúarinnar, sem vér pré dikum. Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn, og trúi í hjarta þínu, að Guð hafi upp vakið hann frá dauðum, muntu hólpin verða. Með hjartanu er trúð til réttlætis, en með munninum játað til hjálprædis. Ritningin segir: Hver sem trúir á hann, mun ekki til smánað verða. Ekki er munur á Gyðingi og grískum manni, því að hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla þá, sem ákalla hann. Því að hver sem ákallað nafnið Drottins mun hólpin verða. En hvernig eiga þeir þá að ákalla þann, sem þeir trúva ekki á? Og hvernig eiga þeir að trúva á þann, sem þeir hafa ekki heyrta um? Og hvernig eiga þeir að heyrja án pess að einhver pré dik? Og hver getur pré dik nema hann sé sendur? Svo er og ritáð: Hversu fagurt er fótatak þeirra, sem fára fagnabárboðin góðu. Svo kemur þá trúin af boðuninni, en boðunin byggist á orði Krists.

Biskup:

Almáttugi Guð. Vér lofum þig fyrir það, að þú hefur gefið oss pitt heilaga orð, sem er lampi fóta vorra og ljós á vegum vorum og boðar oss eillift hjálpræði pitt í Jesú Kristi, Drottini vorum. Lát orð pitt boðað verða á þessum stað í aðumýkt fyrir pér, í hlýðni við þig og í kærleika til þín og barna þinna. Ljúk upp hjörtum þeirra, sem heyra pitt orð, svo að þeir trúi að Jesús sé Kristur, sonur þinn eilifur og frelsari vor, og öðlist í trúnni lífið í hans nafni.

12. Sálmur

Það orð, sem græðir öll vor mein,
það orð, sem vermir kaldan stein,
það orð, sem kveikir kraft og móð
og kallar líf í dauða þjóð.

13. Ritningarlestur við orgel

Jóhann Baldvinsson, organisti.

Látið orð Krists búi ríkulega hjá yður með allri speki. Fræðið og áminnið hvern annan með sálum, lofsöngvum og andlegum ljóðum og syngið Guði sætlega lof í hjörtum yðar. Hvað sem pér gjörið í orði eða verki, gjörið það allt i nafni Drottins Jesú, og pakkið Guði fðður fyrir hann.

Biskup:

Eilifi Guð. Þig lofi allt, sem lifir, en framar öllu, sem þú hefur skapað, skyldi maðurinn lofsyngja þér, sem í syni þínum Jesú Kristi hefur íklætt elsku þina mannegri mynd, endurleyst oss pér til eignar og dýrð þinni til vegsemdar. Kenn oss að tilbiðja þig heilu hjarta. Lát hug og tungu helgast þér, orð og gjörðir bera þér vitni og vegsama þig. Sakir Jesú Kristi, Drottins vors. Amen.

14. Sálmur

Svo kom þú hingað, kristin sál,
ó, kom með heilög lofsöngsmál,
kom hingað klökk og hjartans fús,
í heimi finnst ei betra hús.

Og þetta húsið helgum vér,
ó, himna Drottinn, einum pér,
í Jesú trú með Jesú frið,
í Jesú nafni halt því við.

15. Vígsluordð biskups:

(Söfnuður ris úr sætum)

Vér höfum heyr orð Drottins og bedist fyrir. Guðs orð og bænin helga lífið og alla hluti. Drottinn Guð vor skal tilbeðinn á pessum stað og honum einum þjónað. Hér er Guðs hús, hér er hlið himinsins, stáðurinn, sem þú stendur á, er heilög jörð. Blessað sé þetta musteri Drottins. Blessað sé allt, sem hér fer fram. Blessað sé lífsins orð og lífsins bord. Blessaðar séu bænir og lofsöngvar. Blessaður sé hver sá, er hingað leitar á Drottins fund. Ég lýsi yfir því, að þetta hús er vigt í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.

Bíðjum:

Blessa þú, Drottinn, alla sem hingað koma til þess að heyra Pitt orð og bíðju til þín. Blessa hvert barn, sem borð verður að skírnarlaug þinni. Blessa þá, sem koma til altaris þíns til þess að neyta hjálpræðisgjafa þinna. Blessa fermingarbörnini, sem hér jáast skírnarnáð þinni. Blessa brúðhjónini, sem leita þín og bíðja pig að helga heit sín og samlif. Blessa þú, Guð allrar huggunar, þá syrgjendur, sem hér kveðja látna ástvini. Styrk þá i lifandi von fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum. Blessa hverja bæn og bæt úr allri þörf af ríkdómi náðar þinnar. Í Jesú nafni. Amen.

Þetta vígða Guðs hús er hér með afhent presti og söfnuði til afnota og umönnunar. Lofið nú Guð í pessum helgidómi hans. Lofið hann fyrir máttarverk hans. Lofið hann eftir mikilleik háttignar hans. Allt, sem andardráttur hefur, lofi Drottinn.

Bíðjum: Heyr bænir vorar, eilifi Guð og faðir, þú, sem hefur heitið því að vera nálgætur þeim, sem ákalla pig og veite þeim miskunn og eilifa hjálp. Lát ásjónu þína lýsa yfir pennan stað. Fyll þetta hús friði og helgi himins þíns. Gjör hjörtu vor að bústað anda þíns, að vér tilheyrum þér og þínu riki í lífi og í dauða og að eilifi. Fyrir son þínn Jesú Krist, Drottin vor, sem með pér lífir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur Guð um aldir alda.

Allir: Amen
(Söfnuður sest)

16. Sálmur: Kirkja, vor milda móðir

Texti: Sverrir Pálsson, lag: Áskell Jónsson.

Kirkja, vor milda móðir,
miskunnar tæra lind,
hjá pér fær breyskur bröðir
bætt fyrir hverja synd.
Í örlagaveðrum veitir
vængur þinn öllum skjól,
hörmum í blessum breytir
birtan frá drottins sól.

Oft, þegar nistandi napur
nædir vindur um geim,
hugur vor dimmur og dapur
dögunum kviðir peim.
Þá er indælt að eiga
athvarf og veðrahé
hjá pér og halla mega
höfði að móðurkné.

Og þegar sól er í sinni,
sumarsins yluv í hug,
þá er í návist pinni
þunganum vísað á bug.
Heilagur friður fyllir
fögnum hjörtu vor,
gleðinnar röðull gyllir
göngunnar léttu spor.

Gott er hér saman að syngja,
söngurinn hijóma skal,
klídmjúkar klukkur hringja
í kirkjunnar háa sal.
Ljósin á kertum loga,
ljóminn er fagurskær.
Út yfir ystu voga
eillifðarbliki slær.

17. Miskunnarbaen

Drottinn miskunna þú oss.

Kristur miskunna þú oss.

Drottinn miskunna þú oss.

18. Dýrðarsöngur

(Söfnuður ris úr sætum)

Biskup: Dýrð sé Guði í upphæðum.

Allir: Og friður á jörðu og velpóknun yfir
mönnumunum.

Þig lofar, faðir, líf og önd,
þín líkni oss alla styður.
Þú réttir þína helgu hond
af himni til vor niður.
Og föðurelska, þóknan þín,
í þínum syni til vor skin,
þitt frelsi, náð og friður.

(Söfnuður sest)

19. Kollektar

Sóknarprestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Sóknarprestur:

Bíðum: Eilífi Guð, vér þökkum þér, að þú hefur látið orð pítt búa meðal vor og helgað þetta hús með nálægð þinni: Heyr bærir vorar og gef, að sérhver sá er hér leitar þín megi finna pig og fagna yfir miskunn þinni og réttlæti. Fyrir son þinn Jesú Krist, Drottin vorn, sem með þér lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur Guð um aldir alda.

Allir: Amen.

20. Þjónusta orðsins

Fyrri ritningarlestur:

Halldór Jónsson, gjaldkeri sóknarnefndar.

Fyrri ritningarlestur þessa Drottinsdags er úr Fyrri Konungabók, 8. kapítula:

En mun Guð i sannleika búa á jörðu? Sjá, himinninn og himnanna himnar taka pig ekki, hve miklu síður þá þetta hús, sem ég hefi reist. En snú þér, Drottinn Guð minn, að þær þjóns þíns og grátbeidni hans, að þú heyrir ákall þáð og þær, er þjónn þinn ber fram fyrir pig í dag: að augu þín séu opin yfir bessu húsi dag og nött, yfir þeim stað, er þú hefir um sagt, þar skal nafn mitt búa, að þú heyrir þær þá, er þjónn þinn biður á þessum stað. Og heyr þú grátbeidni þjóns þíns og lýðs þíns Ísraels, er peir fram bera á þessum stað, já heyr þú hana par er þú býr á himnum, og fyrirgef er þú heyrir. Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: Guði sé pakkargjörð.

Síðari ritningarlestur:

Torfi Guðmundsson, formaður byggingarnefndar.

Síðari ritningarlestur er úr Opinberun Jóhannesar, 21. kapítula:

Og ég sá borgina helgu, nýja Jerúsalem, stiga niður af himni frá Guði, búna sem brúði, er skartar fyrir manni sinum. Og ég heyrði raust mikla frá hásætinu, er sagði: „Sjá, tjaldbúð Guðs er meðal mannanna og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera fólk hans og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, Guð þeirra. Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til. Hið fyrra er farið.“

Og sá sem í hásætinu sat, sagði: „Sjá, ég gjöri alla hluti nýja“ og hann segir: „Rita þú, því að þetta eru orðin trúu og sönnu.“

Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: Dýrð sé þér, Drottinn.

21. Lofgjörðarvers

Lofsyngið Drottni, lýðir tignið hann.

Hefjið gleðihljóma, heiðrið skaparann.

Miskunn hans er mikil, máttarverkin stór.

Lofi, lofi Drottin loft og jörð og sjór.

Lofsyngi Drottni ljóssins bjarti her.

Óminn ber að ofan, undir tökum vér.

22. Guðspjall

Sóknarprestur:

Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Matteus.

(Söfnuður ris úr sætum)

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Sóknarprestur:

Þá er likt um himnariki og tju meyjar, sem fóru til móts við brúdgumann með lampa sína. Fimm þeirra voru fávísar, en fimm hyggnar. Þær fávísu tóku lampa sína, en hófðu ekki olíu með sér, en hinur hyggnu tóku olíu með á könum ásamt lömpum sínum. Nú dvaldist brúdgumanum, og urðu þær allar syfjáðar og sofnuðar. Um miðnætti kvað við hrópi: „Sjá, brúdgumið kemur, farið til móts við hann.“ Þá vöknuðu meyjarnar allar og tóku lampa sína. En þær fávísu sögðu við þær hyggnu: „Gefid oss af olíu yðar, þáð er að slokkna á lömpum vorum.“ Þær hyggnu svöruðu: „Nei, hún nægir aldrei handa öllum. Farið heldur til kaupmanna og kaupið handa yður.“ Meðan þær voru að kaupa, kom brúdguminn, og þær sem viðbúnar voru, gengu með honum inn til brúðkaupsins, og dyrum var lokað. Seinna komu hinur meyjarnar og sögðu: „Herra, herra, ljúk upp fyrir oss.“ En hann svaraði: „Sannlega segi ég yður, ég þekki yður ekki.“ Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina.

Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Allir: Lof sé þér, Kristur.

23. Trúarjátning

Sóknarprestur: Játum trú vora.

Ég trúi á Guð, fóður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, þindur á dögum Pontiusar Pilatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á priðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs fóður almáttugs og mun þáðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mansins og eillift líf. Amen.

(Söfnuður sest)

24. Sálmur: í Glerákirkju

Texti: Kristján frá Djúpalæk, lag: Áskell Jónsson
(frumflutningur)

Hvar finnur sá í veðrum var
sem villtur gengur freðna jörd
og geig i brjósti ber?
Hvar leita skal, á flóttaför,
að friði - er það hér?

Hvar fær hinn sjúki sárabót
og sorgarbarnið huggun þá
sem eigi blekking er?
Hvar finnur sekur sannan vin
og samúð - er það hér?

Hvar gefst þeim aldna athvarf tryggt
og ungum leiðsögn fram um veg?
Þeim von sem vonlaus er?
Hvar kynnist maður miskunn Guðs
og mildi - er það hér?

Hvar hlýtur óróandi svör
sem ævilangt um sannleik spryr
og efans byrði ber?
Hvar leita skal, um langa nótt,
að ljósi? Það er hér.

25. Prédikun

Biskup, herra Ólafur Skúlason.

26. Allsherjar Drottinn

eftir César Franck.

27. Almenn kirkjubœn

Hver bæn endar á orðunum: Fyrir Jesú Krist, Drottinn vorn.

Allir: Drottinn heyr voru bæn.

28. Syndajátning og þakkargjörð

Biskup:

Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvislega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilifs lifs, til dýrðar nafni þínu.

Biskup:

Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilifs lifs fyrir Jesú Krist, Drottinn vorn.

29. Sálmur

Gegnum Jesú helgast hjarta
í himininn upp ég líta má,
Guðs mins ástar birtu bjarta
bæði fæ ég að reyna' og sjá,
hryggðarmyrkrið sorgar svarta
sálu minni hverfur pá.

Vígslubiskup: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Vígslubiskup: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Allir: Vér hefjum þau til Drottins.

Vígslubiskup: Látum oss þakka Drottni Guði
vorum.

Allir: Það er maklegt og réttvist.

Vígslubiskup:

Sannlega er það maklegt og réttvist, skyldugt og mjög
hjálpsamlegt, að vér alla daga og á öllum stöðum
lofum þig og þókkum þér, þú heilagi Drottinn, almáttugi
faðir og eilifi Guð fyrir Jesú Krist Drottin vorn. Því að
dögum endurlausnar vorrar er komin, er allir hlutir
verða nýr, þá hann kemur í veldi dýrðar sinnar. Bess
vegna með englunum og hófuðenglunum, með
tignunum og drottinvöldunum, sömuleiðis ásamt öllum
himneskum hirðsveitum lofum vér pitt heilaga nafn
ðaflatlega segjandi.

30. Heilagur

(Söfnuður rís úr sætum)

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú, Drottinn,
Guð allsherjar. Himnarnir og jördin eru full af dýrð
þinni. Hósíanna í upphæðum. Blessaður sé sá sem
kemur í nafni Drottins. Hósíanna í upphæðum.

(Söfnuður sest)

31. Þakkarbœn

Vígslubiskup: (Endar): ... um aldir alda.

Allir: Amen.

32. Faðir vor

Víglubiskup: Biðjum saman bænina sem Drottinn hefur kennt.

Allir: Faðir vor ...

33. Guðs lamb

Allir: Ó, þú Guðs lamb, sem ber burt heimsins syndir, miskunna þú oss. Ó, þú Guðs lamb, sem ber burt heimsins syndir, miskunna þú oss. Ó, þú Guðs lamb, sem ber burt heimsins syndir, gef oss pinn frið.

34. Berging

Sagt frá tilhögnum og altarisgestir gangi fram.

Biskup: (eftir bergingu)

Jesús Kristur, hinn krossfesti og upprisni Drottinn vor og frelsari, varðeiti oss í samfélagi við sig í lifandi trú til eilifs lífs. Hans náð og friður sé með oss. Amen.

35. Sálmur

Ó, Jesús, líf mitt, lof sé þér,
er liknarfaðminn breiddir
svo ástúðlega móti mér
og mig til borðs þíns leiddir.
Við borðið það mér blessun þá
þú bjóst, er æðsta nefna má,
og eynd mér bættir alla.
Við pig, ó, Herra, halt mér fast,
lát hjarta mitt þér samtengjast
og aldrei frá þér falla.

36. Bæn eftir bergingu

Sóknarprestur:

Látum oss biðja ... um aldir alda.

Allir: Amen.

37. Blessun

Biskup:

Þökkum Drottni og vegsönum hann.

(Sófnuður ris úr sætum)

Allir: Drottni sé vegsemd og þökk, því að miskunn hans varir að eilifu.

Biskup:

Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Allir: Amen, amen, amen.

38. Þjóðsöngurinn

Ó, Guð vors lands, ó, lands vors Guð,
vér lifum pitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
pínir herskarar, timanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir,
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár, eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.

Ó, Guð vors lands, ó, lands vors Guð,
vér lifum sem blaktandi, blaktandi strá,
vér deyjum, ef þú er ei ljós það og líf,
sem að lyftir oss duftinu frá.
Ó, vertu hvern morgun vort ljúfasta líf,
vor leiðtogi' i daganna þraut,
og á kvöldin vor himneska hvíld og vor hlif,
og vor hertogi' á þjóðlifsins braut.
Íslands þúsund ár, verði gróandi þjóðlíf með þverrandi tár,
sem proskast á Guðs ríkis braut.

39. Ávörp og þakkarorð

40. Eftirspil

Postladium (Nú gjaldi Guði þökk) eftir Volckmer.

Verktakar við byggingu Glerárkirkju

Eftirtaldir hönnuðir og verktakar hafa unnið við byggingu Glerárkirkju:

Hönnun húss og búnaðar: Svanur Eiríksson, arkitekt.

Verkfræði- og tæknipjónusta:

Verkfraðistofa Norðurlands hf:

Eiríkur Rósberg:

Halldór Jóhannsson:

Stefán Einarsson:

Verkfræðipjónusta.

Rafhönnun.

Frumhönnun lóðar.

Hljómburðarhönnun.

Verktakar:

Híbýli hf:

Traustverk hf:

Vör hf:

Baldur Ragnarsson og

Jóhann Einarsson:

Karl og Þórður sf:

Stefán og Björn sf:

Garðverk sf:

Magnús Gíslason hf:

Gestur Björnsson:

A. Finnsson hf:

Bórkur hf:

Tréos hf:

Trésmiðja Sigurðar Runólfssonar:

Bygging húss og múrhúðun að hluta.

Múrverk innanhúss.

Tréverk.

Raflögn.

Pípulögn.

Málun.

Frágangur lóðar.

Gólf- og flísalagnir.

Slípun og lökkun á parketgólfum.

Hurðir inn í kirkjuskip og kirkjugripir.

Útihurð.

Innihurðir og kirkjugripir.

Innréttigar, útihurðir og

ýmis trésmiðavinna.

Innihurðir og fleira.

Pakkantar og ýmis blikksmiðavinna.

Loftræstikerfi o.fl.

Ýmis járnsmiði.

Jarðvegsvinna og tæki.

Jarðvegsvinna.

Trésmiðjan Þór hf:

Blikkvirki hf:

Blikkrás hf:

Járnsmiðjan Varmi hf:

Möl og sandur hf:

Guðmundur Hjálmarsson:

Sóknarnefnd

Lögmannshliðarsóknar:

Gunnhildur Ásgeirs dóttir, formaður

Guðrún Þ. Nielsdóttir, ritari

Halldór Jónsson, gjaldkeri

Elín Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Gunnar Austfjörð, meðstjórnandi

Júdith Sveinsdóttir, safnaðarfulltrúi

Sigurður Runólfsson, meðstjórnandi

Torfi Guðmundsson, meðstjórnandi

Byggingarnefnd:

Torfi Guðmundsson, formaður

Eiríkur Stefánsson, byggingarstjóri

Eiríkur Rósberg

Sigurður Runólfsson

Bormóður Einarsson

Guds Hús.

Þetta er ekkert venjulegt hús
heldur himininn á jördum
þú ad Drottinn himnanna býr her.

Í stað englanna á himni.
sjáum vér her prestarana fremja helga þjónustu.

Viljir þú hugsa um Guddóminn,
þá er hann ædeins á himnum,
en leikir þú hans í guðrægni.
þá er hann her.
Viljir þú ratinskar hann, sjá,
þá er hann á himnum.
Innir þú á hann sjá
þá er hann her á helgídómi sínum.
Leikir þú hans til laðsorvítnað um hann
þá vikur hann undan hugarsálmi þínu til himnanna.
þrágir þú ad skylla hann í tilbeidslu
þú hemur hann her til móts vid auðmjuhan hug þínn.

Til bess ad menn oatu fundid hann á jördum
reisti hann sér hús meðal hinna dœdilegu,
ólkurul i líhingum jöbungar i Betlehem.

Enginn láki gleppjast,
Gonungurinn er her.

Göngum í hans helga musheri til ad sjá.
Líkomi hans er synilegur
þó ad buddómseldurinn sé hulinn,
svo ad mennirnir shuli ebbi hérfa fyrir ógn hans.

Musterid er prýtt og fyllt lofgrjörð.
því ad þetta er daqt lofgrjörðar og gleði. (messudagurinn)
Englarnir fagna og mennirnir vegsama Drottinn.

Aftarið er tilreitt
og prýtt guðlegum sannleika.
Presturinn skendur vid þó,
braud og vin hefur hann sér í hendur,
líhama og blóði frills útspifir hann.

Von vor hvíllir á alfarinni.
Presturinn áhalar Heilagan flinda.
Söfnudurinn hefur upp sitt presafða: Heilagur,
Gonungurinn heyrir þá
og lætur misluhnina sína fljóta yfir.

Dýrð sé Gudi, Föður og Syni og Heilögum flinda um aldri alda.

Amen.